

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 128/2010**

**frá 10. desember 2010**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2010 frá 11. júní 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/107/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipun 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna að því er varðar framlengingu tiltekinna tímabila <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/7/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu magnesíumfosfíði, sem losar fosfín, við í I. viðauka við hana <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/71/ESB frá 8. febrúar 2010 um að dásínon verði ekki fært á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/72/ESB frá 8. febrúar 2010 um að tiltekin efni verði ekki færð á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/84/ESB frá 9. febrúar 2010 um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsókuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB <sup>(6)</sup>.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010.2010, bls. 18.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 262, 6.10.2009, bls. 40.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 33.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 34.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 36.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 15.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

### 1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB):
  - „– **32009 L 0107**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/107/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 262, 6.10.2009, bls. 40),
  - **32010 L 0007**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/7/ESB frá 9. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 33.“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 21zt (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/603/EB):
  - „12zu.**32010 D 0071**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/71/ESB frá 8. febrúar 2010 um að dásínön verði ekki fært á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 34),
  - 12zv.**32010 D 0072**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/72/ESB frá 8. febrúar 2010 um að tiltekin efni verði ekki færð á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 36),
  - 12zw.**32010 D 0084**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/84/ESB frá 9. febrúar 2010 um nýjan frest til að leggja fram málskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsókuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (Stjtið. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 15).“

### 2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/107/EB og 2010/7/ESB og ákvarðana 2010/71/ESB, 2010/72/ESB og 2010/84/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

(\* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.